

Tilkynning til skipulagsfulltrúa

Til : Skipulagsfulltrúar - SLS <skipulagsfulltruar@skipulagsstofnun.is>
Frá : Guðrún Lára Sveinsdóttir - SLS <Guðrun.Sveinsdottir@skipulag.is>
Heiti : Tilkynning til skipulagsfulltrúa
Málsnúmer : 2025020075
Málsaðili : Skipulagsstofnun
Skráð dags : 04.04.2025 09:47:11
Höfundur : Guðrún Lára Sveinsdóttir - SLS <Guðrun.Sveinsdottir@skipulag.is>

Viðhengi [Gátlisti ASK 04.2025.pdf](#)[Gátlisti ASK 04.2025.pdf](#)
[Gátlisti DSK 04.2025.pdf](#)[Gátlisti DSK 04.2025.pdf](#)
[Picture \(Device Independent Bitmap\) 1.jpg](#)[Picture \(Device Independent Bitmap\) 1.jpg](#)

Góðan dag

Líkt og fram kom á fundi okkar með skipulagsfulltrúum sl. haust þá höfum við verið að þróa gátlista sem er m.a. ætlað að nýtast skipulagsfulltrúum við yfirferð skipulags áður en gögn eru lögð fram í Skipulagsgátt til afgreiðslu hjá Skipulagsstofnun. Einnig geta þeir nýst skipulagsrágjöfum við undirbúning skipulagsáætlana. Drög að gátlistunum eru hér meðfylgjandi. Við hvetjum ykkur til að nýta gátlistana við lokayfirferð mála fyrir afgreiðslu í nefndum og einnig hvetjum við til þess að þeir verði sendir til ráðgjafa með óskum um gerð skipulags og/eða að þeir fylgi skipulagsgögnum þegar þau eru send ykkur. Gátlistunum er ekki ætlað að vera tæmandi gátlisti á efnistöfum og framsetningu en til að nýtast til að yfirfara mikilvægustu þætti er varða form og efni. Við þiggjum ábendingar ykkar varðandi viðbætur og lagfæringar á því sem þarna kemur fram og þeim má koma til skila með því að senda tölvupóst á skipulag@skipulag.is.

Okkur langar líka að nefna hér ákvæði skipulagsreglugerðar í gr. 5.7.2 um athugun Skipulagsstofnunar á deiliskipulagi. Þar segir: „Skipulagsstofnun skal koma athugasemdum sínum á framfæri við sveitarstjórn innan þriggja vikna frá því að deiliskipulagið var móttekið. Þar skal koma fram hvaða athugasemdir stofnunin gerir við deiliskipulagið. Sveitarstjórn skal taka athugasemdirnar til umræðu og gera nauðsynlegar breytingar hvað varðar athugasemdir um form deiliskipulags. Fallist sveitarstjórn ekki á athugasemdir Skipulagsstofnunar um efni deiliskipulags skal hún gera rökstudda grein fyrir ástæðum þess.“

Með öðrum orðum, sé um formgalla að ræða getur sveitarstjórn ákveðið að láta gera nauðsynlegar lagfæringar á gögnum og birt málið í B-deild Stjórnartíðinda að því loknu. Ef athugasemd stofnunarinnar snýr að efni deiliskipulags þá tekur sveitarstjórn afstöðu til þess hvort hún fallist á athugasemd stofnunarinnar. Ef svo er ekki þá getur sveitarstjórn rökstutt afgreiðslu sína og lagt rökstuðning fram undir málið í Skipulagsgátt. Að því loknu er unnt að birta málið í B-deild.

Þetta þýðir að þrátt fyrir að stofnunin hafi gert athugasemd við form eða efni deiliskipulags þá er ekki skylt að senda stofnuninni deiliskipulag til yfirferðar á nýjan leik og teljum við að það ætti að vera meginreglan. Hins vegar teljum við mikilvægt að hafa svigrúm til þess að geta óskað eftir því að fá deiliskipulag til yfirferðar á nýjan leik ef talið er tilefni til og í þeim tilvikum mun það koma fram í afgreiðslum stofnunarinnar.

Kveðja, Guðrún Lára

Guðrún Lára Sveinsdóttir
Sviðstjóri, svið aðalskipulags / Division Head, Municipal Planning
Skipulagsstofnun - National Planning Agency
Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland
sími 595 4100

Gudrun.Sveinsdottir@skipulag.is
www.skipulag.is
www.facebook.com/skipulagsstofnun